



Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Fimmtudagur 19. ágúst 2021 kl. 20:00 – 21:00

Mætt / vantar

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Zuhaitz Akizu safnstjóri og Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri.

Vantar: Tinna Guðmundsdóttir varamaður

Fundargerð

1) Starfsmannamál

- a) ZA gerir grein fyrir stöðunni hjá sér, hann er að fara í 2 vikna veikindaleyfi. JB mun koma inn sem rekstrarstjóri í 80% hlutfall og mun sinna hlutverki staðgengils safnsstjóra, stjórn samþykkir að veita JB prógúru.. Elfa Hlín kemur til vinnu í byrjun september sem verktaki áfram í verkefnum tengdum stefnumótun og samfélagsmiðlum.
- b) JB sinnir nú verkefnum sem verktaki en kemur að fullu til starfa þann 1.september næstkomandi sem rekstrarstjóri og er þá staðgengill safnstjóra,
- c) Senda þarf út fréttatilkynningu um ráðningu JB.
- d) Gera þarf prógúru fyrir JB líka svo hún geti tekið við fjármálum.

2) Ársreikningur og aðalfundur

- a) Ársreikningur er í vinnslu, uppkast lagt fram til kynningar
- b) Halda þarf aðalfund og væri gott að breyta stofnskránni / lögum félagsins. Gott væri að fá lögfræðilegt álit á breytingunum og ræða drög að breytingum við Safnaráð. JB mun vinna að málinu og leggja fram tillögur fyrir stjórn.
- c) Gera þarf einkonar árskýrslu sem hægt væri að nota sem umsókn um styrki.
- d) Ákveða þarf dagsetningu fyrir aðalfund.
- e) Uppfæra þarf fjárhagsáætlun vegna 2022 sem hægt væri að nota í styrkumsóknir

3) Styrkir



- a) Gera þarf styrkjadagadagatal og skila inn lokaskýrslum sem við á það.
 - b) Spurning að sækja um til ANR styrk, JB er að skoða það. Gæti lotið að hönnun safnsins.
 - c) Sækja um fyrir ferð erlendis til skoðunar á öðrum söfnum til Safnaráðs.
- 4) Erindi sem þarf að ræða við Múlaping
- a) Óska eftir því að fjárstuðningur að upphæð 1,5 sem safnið átti á fá í styrk í formi sumarstarfsmanna vegna ársins 2021 verði greiddur í beinu fjárframlagi.
 - b) Óska eftir fundi vegna fjárveitinga fyrir árið 2021, það þarf að gera greiningu og stilla upp hvaða fjármuni safnið þurfi næstu 3 árin. JB tekur það saman
 - c) Óska eftir fundi til að ræða Vjélsmiðjuna og fá stöðuna á því verkefni.
 - d) Óska eftir því við Múlaping að kaupsamningur um Skemmuna verði kláraður og gengið verði frá sölunni.
 - e) Óska eftir því við Múlaping að fá afnot af efri hæð Hafnargötu 44, í samræmi við núgildandi samkomulag, þar til nýtt safn hefur risið á ný.
 - f) Fá upplýsingar um hvenær hægt verði að stækka lóðina inn í lónið og hvenær borgi sig fyrir okkur að sækja um lóðina.
- 5) Önnur verkefni
- a) Lilja Árnadóttir getur komið fyrir hönd Þjóðmínjasafns og það er spurning að fá hana í september, gera greiningu og forgangsröðun á þökkun safnmuna og yfirferð muna sem lentu í skriðu.
 - b) Panta og græja skrifstofu fyrir starfsmenn á Hafnargötunni og endurskoða málin með Ránargötuna.
 - c) Athuga hvort hægt sé að koma sýningunni af símstöðinni fyrir einhversstaðar til að sýna gestum á Seyðisfirði.
 - d) Taka þarf til í gögnum á skýinu til að vita hvaða gögn við höfum í höndum, sérstaklega hvað varðar Sarp.
 - e) Skrá þarf starfsmenn á Farskólann sem verður í Stykkishólmi
 - f) Safnaráð verður fyrir austan 6.-8. september og mun þá hitta okkur